



Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 13. ágúst 2025
2025080125

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í máli nr. 115/2025 í samráðsgátt, Breyting á reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir og reglugerð um meðhöndlun seyrur vegna samræmingar á kvöðum um skýrslugjöf

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (hér eftir HER) hefur farið yfir gögn málsins og veitir eftirfarandi umsögn:

Breyting á reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir:

Skv. 2. gr. reglugerðar til breytingar á reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir verður sett inn ný 3. mgr. 8. gr. þar sem tilgreint er að aðgerðaráætlun skuli yfirfarin og endurskoðuð, ef þörf krefur, þegar stórvægileg breyting á sér stað sem hefur áhrif á fyrirliggjandi aðstæður sem valda hávaða. HER vill hér benda á að í þeim tilvikum þegar reist eru ný íbúðarhús eða jafnvel ný hverfi við umferðarpungar götur getur íbúum sem búa við hávaða yfir mörkum fjölgað umtalsvert þó svo að hávaðauppspretta breytist ekki. Því telur HER að taka ætti fram að endurskoðun ætti einnig að fara fram ef stórvægileg breyting verður á fjölda íbúa sem búa við hávaða yfir mörkum á ákveðnum svæðum.

Breyting á reglugerð um meðhöndlun seyrur:

HER gerir ekki athugasemd við reglugerðardrögin

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir.

1. gr.

Hvar sem orðið „Umhverfisstofnun“ í hvers konar beygingarfalli, kemur fyrir í reglugerðinni, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Í stað 3. mgr. 8. gr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Aðgerðaáætlun skal yfirfarin og endurskoðuð, ef þörf krefur, þegar stórvægileg breyting á sér stað sem hefur áhrif á fyrirliggjandi aðstæður sem valda hávaða og a.m.k. á 5 ára fresti eftir að áætlun er samþykkt.

3. gr.

Í stað 1. mgr. 10. gr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Hávaðakort og aðgerðaráætlanir, sem gerð hafa verið, skulu gerð aðgengileg almenningi og þeim miðlað til almennings í samræmi við IV. og V. viðauka.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 frá 5. júní 2019 um samræmingu á kvöðum um skýrslugjöf á sviði löggjafar í tengslum við umhverfið og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 og (ESB) nr. 995/2010, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB, 2004/35/EB, 2007/2/EB, 2009/147/EB og 2010/63/ESB, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 338/97 og (EB) nr. 2173/2005 og tilskipun ráðsins 86/278/EEB, sem vísað er til í XX. viðauka við EES-samninginn eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2024 frá 6. desember 2024.

5. gr.

Lagastoð.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 43. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, []. júlí 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson.
Stefán Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um meðhöndlun seyru, nr. 799/1999.

1. gr.

Hvar sem orðið „Umhverfisstofnun“ í hvers konar beygingarfalli, kemur fyrir í reglugerðinni, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Við 3. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar, í viðeigandi númeraröð, svohljóðandi og breytast númer annarra málsgreina samkvæmt því:

3.7 *Landgagnasafn* er auðgreinanlegt safn af landgögnum.

3.8 *Landgagnaþjónusta* eru aðgerðir sem hægt er, með hjálp tölvubúnaðar, að framkvæma á landgögnum sem geymd eru í landgagnasöfnum eða á tengdum lýsigögnum.

3.9 *Landgögn* eru öll gögn með beinni eða óbeinni tilvísun í tiltekinn stað eða landfræðilegt svæði.

3. gr.

Í stað „16. mgr. 3. gr.“ hvarvetna í 8. gr. kemur: 18. mgr. 3. gr.

4. gr.

Í stað „16. mgr. 3. gr.“ í 3. mgr. 9. gr. kemur: 18. mgr. 3. gr.

5. gr.

Í stað „16. mgr. 3. gr.“ í 1. mgr. 12. gr. kemur: 18. mgr. 3. gr.

6. gr.

15. gr. orðast svo:

15.1 Heilbrigðisnefndir skulu taka saman eftirfarandi upplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar:

1. magn seyru sem myndast og magn sem er afhent til notkunar í landbúnaði,
2. samsetningu og eiginleika seyrunnar í tengslum við færíbreyturnar sem um getur í II. viðauka A,
3. tegund meðhöndlunar sem fram fer eins og skilgreint er í 6. mgr. 3. gr.,
4. heiti og heimilisföng viðtakenda seyrunnar og staðinn þar sem nota á seyruna,
5. allar aðrar upplýsingar er varða framkvæmd þessarar reglugerðar.

Nota skal landgagnaþjónustuna til að sýna landgagnasöfnin sem koma fram í upplýsingunum sem eru skráðar í þessum skrá.

15.2 Liðir 2 til 4 í 1. mgr. eiga ekki við vegna seyru, sbr. a-lið 16. mgr. 3. gr., enda sé magnið minna en 5.000 pe.

15.3 Umhverfis- og orkustofnun veitir almenningi greiðan aðgang að skráningum sem um getur í 1. mgr., fyrir hvert almanaksár, innan átta mánaða frá lokum viðkomandi almanaksárs, í samræmi við stöðluð gagnasnið, ef þau eru fyrir hendi.

Umhverfis- og orkustofnun skal senda Eftirlitsstofnun EFTA þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 frá 5. júní 2019 um samræmingu á kvöðum um skýrslugjöf á sviði löggjafar í tengslum við umhverfið og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 og (ESB) nr. 995/2010, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB, 2004/35/EB, 2007/2/EB, 2009/147/EB og 2010/63/ESB, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 338/97 og (EB) nr. 2173/2005 og tilskipun ráðsins 86/278/EEB, sem vísað er til í XX. viðauka við EES-samninginn eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2024 frá 6. desember 2024

8. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 6. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafst og stranda. Jafnframt er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 43. gr. laga nr. 7/1998.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, []. júlí 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson.
Stefán Guðmundsson.